

Framkvæmdaráætlun í jafnréttismálum

Framkvæmd jafnréttisáætlunar

Jafnréttisáætlun Vestmannaeyjabæjar nær til stjórnarsýslu bæjarins og starfsmanna hans. Þá nær áætlunin einnig til þeirrar starfsemi og þjónustu sem veitt er á vegum stofnana bæjarins.

Kannanir og rannsóknir

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja skal afla tölfræðilegra upplýsinga um stöðu karla og kvenna á ýmsum skilgreindum sviðum. Skal miðað við að gera það einu sinni á kjörtímabili. Þetta skal gert meðal annars með kyngreindum tölfræðilegum upplýsingum og annarri faglegri nálgun á viðfangsefninu. Sýni niðurstöður þeirrar úttektar fram á kynbundinn launamun, skal þegar vera sett í stað áætlun um að uppræta slíkan launamun.

Fræðsla og leiðsögn

Fjölskyldu- og tómstundaráð skal hvetja til fræðslu um jafnréttismál og leiðir til þess að jafna stöðu karla og kvenna. Öllum starfsmönnum bæjarins skal standa slík fræðsla til boða. Einnig skulu þeir eiga rétt á ráðgjöf og leiðsögn við einstök mál. Jafnréttisnefnd skal veita öllum Eyjamönnum sem þess óska fræðslu og aðstoð í jafnréttismálum. Einnig skal nefndin leiðbeina íbúum við kærur til kærunefndar jafnréttismála.

Framkvæmdarstjórar sviða hjá sveitarfélaginu geri bæjarstjórn árlega grein fyrir því, samhliða tillögum til fjárhagsáætlunar, hvernig þeir muni fylgja því eftir að ákvæðum jafnréttisáætlunar sé framfylgt á þeirra sviði.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja mun fjalla á fundum sínum sérstaklega um jafnréttismál, a.m.k. tvisvar á ári, með það að markmiði að áætlun um jafnréttismál sveitarfélagsins nái fram að ganga.